

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fengnum tillögum umhverfis- og samgöngusviðs Reykjavíkurborgar hefur lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu ákveðið eftirfarandi:

1. að allur akstur vélknúinna ökutækja verði bannaður um vegslóða og utan vegar í Úlfarsfelli í landi Reykjavíkur. Bannið gildir ekki um stikaðan vegslóða upp að merktu bílastæði við Hákin. Bannið gildir allt árið.

Heimilaður er akstur þjónustubifreiða sem merktar eru fjarskiptafyrirtæki frá bílastæði við Hákin að endurvarpsstöð.

Bannið er táknað með umferðarmerkinu B01.11 samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra,

2. að afmarkað verði eitt almennt bifreiðastæði fyrir hreyfihamlaða gegnt Vegamótastíg 7–9,
3. að afmarkað verði eitt almennt bifreiðastæði fyrir hreyfihamlaða fyrir framan hús nr. 17 við Álfheima.

Bílastæðin eru merkt með umferðarmerkinu D01.21 samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu, 2. nóvember 2016.

Sigríður Björk Guðjónsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 18. nóvember 2016